

1003. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. maí 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Sigurlaug Hilmarsdóttir og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin. Samþykkt og undirrituð.

2. Ársfjórðungsuppgjör

Gunnar Páll lagði fram ársfjórðungsuppgjör og fór yfir helstu tölur. Sigurlaug Hilmarsdóttir forstöðumaður Rekstrarsviðs VR var auk þess mætt á fundinn og reiðubúin að svara fyrirspurnum. Ánægjulegt er að rekstartekjur eru yfir áætlun og rekstargjöld undir áætlun.

3. Fjárvarsla

a. Gunnar Páll ræddi um það að VR færi með hluta af okkar fjármunum í vörslu í Landsbankann og freista þess að láta bankana keppa sín á milli um ávöxtun. Erum nú að mestu hjá Glitni og Kaupþing. Samþykkt.

b. Gunnar Páll lagði fram minnisblað um stýringu á gjaldeyrisáhættu. Reifaði hann málið og lagði til að við myndum prófa að fara með varfærni í gjaldeyrisvarnir. Samþykkt.

c. Loks skýrði Gunnar Páll frá því að hann teldi æskilegt að við fengjum álit endurskoðenda á þeim möguleika að setja fjárfestingar okkar í félag sem greiði þá nettó fjármagnstekjuskatt en þetta er nýjung sem fagfjárfestum eins og okkur bjóðast. Samþykkt að fá álit endurskoðenda á þessu máli.

4. Verslunarmannafélag Austurlands

Gunnar Páll lagði fram drög að samrunasamningi milli VR og VFA en í því félagi teljast nú um 380 félagar og sagði frá að hann hefði farið á fund á Eglilsstöðum í síðustu viku. Stjórn VR samþykkti fyrir sitt leyti sameiningu við VFA en áður hafði fundur trúnaðarráðs VR og trúnaðarmanna á vinnustöðum þann 6. maí sl. samþykkt samrunann. Gunnar Páll reifaði loks hugmyndir um samþættingu sjúkra- og orlofsíbúða, aðallega í Reykjavík, vegna samruna félaga af landsbyggðinni við VR. Drög að lögum nýrrar deildar VR á Austfjörðum er samhljóða lögum deildarinnar í Vestmannaeyjum.

5. **Arkitektar og tækniteiknarar**

a. Gunnar Páll lagði fram úttekt frá Talnakönnun, „*Sjúkrasjóður arkitekta og samkomulag við Sjúkrasjóð VR*“ dags. 31.01 2008. Arkitektar hafa greitt 1,5% í sjúkrasjóð VR síðastliðin 10 ár og er það innheimt af Glitni. Um kr. 109 milljónir hafa safnast í þann sjóð en útborgun verið um kr. 15 milljónir. Þess vegna var Talnakönnun fengin til að gera þessa úttekt og er það tillaga þeirra að arkitektar greiði 1% sjúkrasjóðsgjald, eins og aðrir, og að við leggjum inn þriðjung af sjóði þeirra á VR Varasjóðsreikninga þeirra. Gunnar Páll stakk upp á því að þetta yrði samþykkt. Nokkrar umræður urðu um þennan dagskrárlið. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að fara þessa leið sem stungið var uppá en Jóhanna E., Rannveig og Jóhanna S. sátu hjá.

b. Gunnar Páll greindi frá því að tækniteiknarar hefðu gert nýjan kjarasamning en hefði láðst að kalla okkur til ráðgjafar eins og áætlað hafði verið. Nokkur atriði stangast á við okkar samning t.d. greiða þau ekki iðgjald í orlofssjóð eða starfsmenntasjóð. Gunnar Páll stakk uppá að við samþykktum það að þau gengju þannig inn í VR en að við tækjum upp kjarasamning þeirra eftir ár og reyndum þá að fá meira samræmi og var það samþykkt. Rannveig var á móti og Jóhanna E., Gunnar B. og Jóhanna S. sátu hjá.

6. **Framhaldsþing LÍV**

Gunnar Páll lagði fram minnisblað frá stjórn LÍV, „*Vegna umræðu um starfsemi LÍV og breytingar á lögum sambandsins*“, í tengslum við Framhaldsþing LÍV 19.-20. september n.k. Þar er m.a. lagt til að fækka í stjórn úr 11 í 7, fækka fundum ofl. Umræður urðu nokkrar um þennan dagskrárlið.

7. **Stefnumótun VR**

Gunnar Páll lagði fram samantekt á helstu niðurstöðum vinnuhópa um stefnumótun, „*Stefnumótunarfundur trúnaðarráðs og trúnaðarmanna Hilton Nordica Reykjavík 6. maí 2008 kl. 18:15*“. Voru fundarmenn sammála því að vel hefði tekist til með þennan fund og að þar hefðu verið opnar umræður.

8. **Vinnuferð til Danmerkur**

Dagskrá ferðarinnar lögð fram og rædd. Ferðin verður 24.-27.05 n.k.

9. **Höfuðborgarráðstefnan**

Dagskrá ráðstefnunnar lögð fram. Verður haldin 11.-13.06 n.k. í Finnlandi. Með Gunnari Páli fara Sigurður Sigfússon úr stjórn og Rósmarý af skrifstofu VR.

10. **Endurhæfingarsjóður**

Gunnar Páll lagði fram til upplýsingar „*Skipulagsskrá Endurhæfingarsjóðs*“, og sagði frá því að ákveðið hefði verið að skipa í stjórn þá sem hefðu verið í vinnuhópnum um „*Áfallatryggingasjóð*“ eins og hann var þá nefndur. Farið var yfir skjalið og urðu umræður um það.

11. **Trúnaðarmenn**

Umræður urðu um trúnaðarmannakerfið undir þessum dagskrárlið og þá hvort tilefni sé til að breyta því og janfvel endurskíra trúnaðarmenn sem „tengiliði“. Þurfum að skoða það áfram.

Kynntir 9 nýir trúnaðarmenn. Engin athugasemd. Samþykkt.

A	Þórarinn Einarsson	Skjal ehf.	Nýr
b	Ágústa Harðardóttir	Johan Rönnung	Nýr
c	Jósef Agnar Róbertsson	Hagkaup - Smáralind	Nýr
d	Izabela Sobazak	Hýsing - Vöruhótel	Nýr
e	Örn Ingólfsson	Hýsing - Vöruhótel	Nýr
f	Jón Ragnar Gunnarsson	Sjóvá - Almennar hf	Nýr
g	Þórhildur R. Karlsdóttir	Húsasmiðjan	Nýr
h	Kristín Petersen	Marel	Nýr
i	Jóhanna Viborg	Árvakur hf	Nýr